



Um launamál – Kauphækkannir og Áhrif launahækkana á þróun verðlags

Bjarni Benediktsson – Stjórnmaál – Forsætisráðherra – Bréf – Skeyti – Kort

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmaálamaðurinn
Askja 2-29, Örk 7

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stig

Hækkun á	<u>Áhrif launahækkana samkvæmt</u>	
Hækkun á	<u>tillögum ríkisstjórnarinnar á</u>	0.50
Hækkun á	<u>þróun verðlags.</u>	0.22
Talslegt		<u>0.06</u>

Gerð hefur verið áætlun um það, hver áhrif þeirrar launahækkunar yrðu, sem gert er ráð fyrir í tillögum ríkisstjórnarinnar. Vegna þess að tillögurnar gera ekki ráð fyrir að hækkunirnar verði jafnmiklar hjá öllum starfshópum, né fyrir því, að þær nái til yfir- og ákvæðisvinnu, verða áhrifin á verðlagið mun minni en ella hefði verið. Er áætlað, að sú hækkun vísitölu framfærslukostnaðar, sem af launahækkunum leiði verði 2.6 stig. Til samanburðar má geta þess, að 8% almenn launahækkun, sem náð hefði til allra starfshópa og til allra tegunda vinnu, myndi leiða til 4.5 stiga hækkunar vísitölnnar.

Sundurliðun þessarar 2.6 stiga ~~launahækkunar~~

fer hér á eftir:

Til laukkunar:		
		<u>Stig</u>
Hækkun vinnuliðar verðlagsgrundvallar		0.88
landbúnaðarafurða		0.60
Hækkun á öðrum liðum verðlagsgrundvallar		5.78
en vinnulið		3.50
Hækkun á vinnslu- og dreifingarkostnaði		
landbúnaðarafurða		0.40
Hækkun á verði landbúnaðarafurða, sem		
ekki eru í verðlagsgrundvelli		0.16
Hækkun launa verksmiðjufólks		0.60

	<u>S t i g</u>
Hækkun smásöluálagningar vegna launa- hækkunar verzlunarfólks	0.50
Hækkun á ýmiskonar þjónustu	0.22
Ýmislegt	<u>0.06</u>
	2.62

Lækkun útsvars mun hafa áhrif til lækkunar vísitölnunnar, en á móti því munu koma áhrif nauðsynlegrar tekjuöflunar í ríkissjóð vegna lækkunar útflutningsgjalds og af öðrum orsökum. Ríkisstjórnin áætlað, að hrein áhrif þessara aðgerða muni verða lækkun vísitölnunnar um 3.5 stig, frá því, sem hún ella hefði verið.

Sundurliðun þessara breytinga fer hér á eftir:

	<u>S t i g</u>
Til hækkunar:	
Hækkun benzínskatts	0.24
Hækkun söluskatts úr 3% í 5%	<u>2.00</u>
ALLS	2.24
 Til lækkunar:	
Lækkun útsvars	4.90
Lækkun tekjuskatts og aðrir liðir	<u>0.88</u>
ALLS	5.78
 Hrein lækkun	3.54

Samkvæmt þessu má því telja, að samanlögð áhrif þeirra launahækkana, sem tillögur ríkisstjórnarinnar gera ráð fyrir, þeirrar lækkunar útsvars, sem ríkisstjórnin mun beita sér fyrir, og þeirrar tekjuöflunar í ríkissjóð, sem

Óhjákvæmileg verður, muni verða um 1 stig til lækkunar
vísitölunnar (2.62 → 3.54 = -0.92).

Fær hækkanir vísitölunnar, sem væntanlegar eru á
næstu mánuðum, nema 3.68 stigum (sbr. greinargerð Hagstofu
Íslands frá 4. þ.m.). Þar við bætist, að tekjuhækkun
ársins 1963 mun leiða til hækkunar tekjuskatts- og útsvars-
liðar vísitölunnar 1. sept. 1964 um 3.44 stig. Þegar þessar
hækkanir eru komnar fram, og enn fremur áhrif þeirra launa-
hækkana og annarra ráðstafana, sem felast í tillögum ríkis-
stjórnarinnar, má því gera ráð fyrir, að vísitalan verði
um 152 stig.

	<u>S t i g</u>
Vísitalan 1/11, 1963	145.7
Fyrirsjáanlegar hækkanir vísitölunnar á næstu mánuðum	3.7
Væntanleg hækkun útsvars- og tekjuskattsliða vísitölunnar 1/9, 1964, vegna tekjuhækkunar á árinu 1963	3.4
Væntanleg áhrif launahækkana samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar	<u>2.6</u>
ALLS	155.4
Frá dregst: Hrein lækkun vísitölu vegna aðgerða í útsvars- og skattamálum	<u>3.5</u>
ALLS	151.9

2. desember 1963

Í tillögum þessum er byggt á þremur meginforsendum, sem ríkisstjórnin telur óhjákvæmilegt, að verði undirstaða væntanlegra samninga.

Í fyrsta lagi verði svo um hnúta búið, að hinir lægstlaunuðu fái verulega kjarabót og stefnt verði að því að vinna upp það, sem þeir hafa dregið aftur úr öðrum launþegum á undanförunum árum.

Í öðru lagi verði launahækkunum þannig í hóf stillt, að ekki leiði til breytingar á gengi krónunnar.

Í þriðja lagi verði samningarnir ekki til skemmri tíma en til haustsins 1965, þ. e. a. s. til svo langs tíma, að jafnvægi í verðlagsmálum geti skapast og útflutningsframleiðslan fái tækifæri til þess að tryggja hag sinn, svo að hún geti borið þá kauphækkun, sem nú verður, án þess að dragi úr framleiðslu og nauðsynlegri uppbyggingu og endurbótum. Ríkisstjórnin telur enn fremur mikilvægt, að samningstímabilið verði notað til þess að undirbúa heildarsamninga um kaup og kjör, er nái til sem flestra þjóðfélagsstétta. Verði í þeim samningum lögð áherzla á aukna hagræðingu og breytingu á vinnufyrirkomulagi og töxtum, er leitt geti til styttri vinnutíma. Vill ríkisstjórnin af sinni hálfu stuðla að því, að tekin verði upp hagkvæmari vinnubrögð, og jafnframt veita aðstoð sína við tæknilegan undirbúning heildarkjarasamninga.

Út frá þessum meginforsendum, leggur ríkisstjórnin fram eftirfarandi tillögur um samningsgrundvöll milli launþega og atvinnurekenda og aðgerðir ríkisvaldsins í því skyni að tilgangi samninganna verði náð.

- 1) Samið verði um kauphækkunir, er verði þrenns konar.
 - a) 8% hækkun til allra hinna lægst launuðu, svo sem almennra verkamanna, verkakvenna, iðjuverkafólks og hins lægra launaða verzlunarfólks.
 - b) 4% hækkun til iðnaðarmanna og hliðstæðra starfshópa.
 - c) Nokkrir hærri taxtar verkamanna, sem næst liggja töxtum iðnaðarmanna hækki um hlutfall, er liggja milli 4% og 8%.

Ofangreindar kauphækkunir verði takmarkaðar við hækkun dagvinnukaups og hliðstæðs viku- og mánaðarkaups, en nái hvorki til yfirvinnu, nætur- og helgidagavinnu né ákvæðis- og uppmælingar-
taxta.

- 2) Ríkisstjórnin er reiðubúin í sambandi við slíka samninga að beita sér fyrir breytingu á útsvarsstigum, sem hefði í för með sér lækkun útsvara fjölskyldumanna með lágar tekjur, en á móti hækki útsvör hátekjufólks og að nokkru einhleypinga. Þessar breytingar útsvarsstiga mundu jafngilda a. m. k. 4% kauphækkun til vísitölufjölskyldu, en fyrir fjölskyldu með tvö börn og 80 þús. kr. tekjur mundi breytingin samsvara a. m. k. 5% kauphækkun.
- 3) Mikilsvert er, að kauphækkun verði svo í hóf stillt, að hún leiði til sem minnstrar hækkunar á landbúnaðarvöruverði og komið verði í veg fyrir almenna hækkun á launum opinberra starfsmanna.
- 4) Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir ráðstöfunum, svo sem með breytingum útflutningsgjalda og vaxta af afurðalánnum, til þess að auðvelda útflutningsframleiðslunni að taka á sig ofangreindar kauphækkanir.
- 5) Nokkrar verðhækkanir eru óhjákvæmilegar af eftirtöldum ástæðum:
 - a) verð landbúnaðarafurða og verð á ýmsum vörum og þjónustu hlýtur að hækka nokkuð, ef samið er um þær kauphækkanir, sem getið er hér að framan.
 - b) aðgerðir til hagsbóta fyrir útflutningsframleiðsluna, svo að hún geti tekið á sig kauphækkanir, munu ásamt annarri nauðsynlegri tekjuöflun í ríkissjóð hafa í för með sér verðhækkanir.
 - c) enn eru óframkomnar nokkrar verðhækkanir vegna fyrri kauphækkana.
 - d) erlendar verðhækkanir, sem vitað er um, en enn hafa ekki haft áhrif á verðlag hér á landi.
- 6) Ríkisstjórnin er reiðubúin til viðræðna við launþega og atvinnurekendur um breytingar á þeim lagaákvæðum, er banna verðtryggingu kaupgjalds. Telur hún hugsanlegt að taka upp takmarkaða verðtryggingu fáist sú heildarlausn kjaramálanna, sem að ofan hefir verið rakin. Forsenda þess er þó, að engin launabreyting vegna verðtryggingar launa eigi sér stað, fyrr en eftir að fram eru komnar þær óumflýjanlegu verðhækkanir, sem að framan er lýst. Ennfremur telur ríkisstjórnin nauðsynlegt, að sá fyrirvari verði á slíku samkomulagi, að verðhækkanir, sem stafa af hækkun á fob-verði innfluttra vara leiði ekki til hækkunar kaupgjalds.